



Umhverfis- og skipulagssvið
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kjalarnes - Jörfi/Norðurgrund - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 18. ágúst 2022 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. ágúst 2022, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 10. ágúst 2022 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Grundarhverfis á Kjalarnesi, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins fagnar þessari uppbyggingu. Þarna eru innviðir til staðar. Ef til vill hefði mátt vera meiri fjölbreytni, allt frá litlum íbúðum í stærri eignir. Mikilvægt er að hafa góðar aðstæður fyrir bíla, bæði við eignir fyrir íbúana og gesti. Í hverfinu eru ekki atvinnutækifæri svo leiða má líkur að því að íbúar noti einkabíl í ríkum mæli enda ekki margir aðrir kostir sem virka nema fyrir lítinn hóp kannski.

Helga Björk Laxdal
e.u.